

innar. Stjórnin hefur á hendi stjórn Rafmagnsveitna ríkisins undir yfirstjórn ráðherra.

Ráðherra ákveður starfshætti og starfskjör stjórnarmanna.

Til þess að skuldbinda Rafmagnsveitur ríkisins þarf undirskrift þriggja stjórnenda.

15. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 96/1965 um ráðstafanir til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og lög nr. 17/1970 um breyting á þeim lögum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1974 og falla úr gildi 31. desember 1975.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar raforkusala er skuldfærð hjá notanda í fyrsta sinn eftir gildistöku laga þessara, fyrir tímabil, sem hefst fyrir gildistöku laganna, en lýkur eftir gildistöku þeirra, skal reikna veðjöfnunargjaldið af raforkuverði í réttu hlutfalli við daga-fjölda eftir gildistöku laganna af heildardagafjölda reikningstímabilsins.

Gjört í Reykjavík, 17. september 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á lögum um samkomudag reglulegs Alþingis,
nr. 3 14. febrúar 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Reglulegt Alþingi 1974 skal koma saman þriðjudaginn 29. október, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. september 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Geir Hallgrímsson.